

Námsvísir 2023-2024

8. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Þórhildur Eypórsdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið / Hæfniviðmið

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu m.a. í viðskiptum og í upplýsinga- og margmiðlunarheiminum. Hæfniviðmiðunum í tungumálanámi er skipt upp í þrjú stig í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi.

Grunnþættir tungumála eru lesskilningur, ritun, hlustun og talað mál (frásögn og samskipti) en að auki er lögð áhersla á menningarläsi og námshæfni nemenda. Unnið er eftir lykilhæfni og hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-20>

Kennsluaðferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í níu fjögurra vikna lotur. Hverri lotu fylgir lotuáætlun sem skipulögð er út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna að hverju sinni.

Notast er við námssvæðið Teams, þar er að finna lotuáætlanir með verkefnalýsingum og verkefnum er almennt skilað þar inn nema annað sé tekið fram.

Eftir innlögn kennara vinna nemendur eftir áætlun, markmiðið er að þeir beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Unnið er í einstaklings-, para- og hópavinnu.

Námsmat

Öll vinna nemenda er metin, þátttaka í tímum sem og verkefnaskil.

Við verkefnaskil er nemendum gefin umsögn og vonast er til að nemendur geti nýtt þá endurgjöf til að efla sig og bæta í námi.

Námsgögn

Spotlight 8 – Lesbók og vinnubók

Ýmis forrit og annað ítarefni frá kennara